

Reykjavík, 2. október 2018

## **Niðurstaða athugunar á umgjörð áhættustýringar hjá Birtu lífeyrissjóði**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á umgjörð áhættustýringar hjá Birtu lífeyrissjóði í febrúar 2018, en lífeyrissjóðir sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt IX. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Markmið athugunarinnar var að athuga hvort umgjörð áhættustýringar hjá sjóðnum væri í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur kveða á um. Í athuguninni var farið yfir áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins og kannað hvernig þær samræmast þeim kröfum sem reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða mælir fyrir um, sbr. einnig 36. gr. e. laga nr. 129/1997. Þá var jafnframt farið yfir skráða ferla og verklagsreglur sem sjóðurinn styðst við varðandi framangreint.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í september 2018. Helstu niðurstöður voru þær að umgjörð áhættustýringar hjá sjóðnum sé almennt í góðu horfi og að meginstefnu í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur mæla fyrir um. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við að í núgildandi áhættustefnu sjóðsins er áhættuþol sjóðsins, sem og mörk um áhættuvilja stjórnar, ekki með fullnægjandi hætti sett fram á mælanlegan hátt, þar sem við á, eftir áhættuþáttum, sbr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Birta lífeyrissjóður gerði viðeigandi úrbætur vegna framangreindrar athugasemdar. Í því sambandi tók Fjármálaeftirlitið fram að sjóðurinn þyrfti að meta hvar hann teldi viðeigandi að setja mælanleg viðmið og hafa þá til hliðsjónar ýmis sjónarmið, svo sem samspil áhættuþátta þannig að heildaráhætta sjóðsins væri ávallt höfð í huga.